

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

Skólanámskrá 2022 - 2023



ÁNÆGJA - ÁBYRGÐ - ÁRANGUR

Inngangur

Skólanámskrá Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er unnin af starfsfólki skólans. Hún er byggð á Aðalnámskrá grunnskóla og lögum um grunnskóla frá árinu 2008. Í skólanámskránni er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á og þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Í skólanámskránni höfum við til hliðsjónar einkunnarorð skólans sem eru ánægja, ábyrgð, árangur. Við teljum að þessi einkunnarorð þurfi að ríkja til þess að eiga farsælt og gott skólasamstarf. fyrir árangursríkt skólastarf og farsæla framtíð hvers nemenda. Þó ber þess að geta að hluti skólastefnunnar felst í óskráðum markmiðum sem sífelldu eru í framkvæmd daglegs skólastarfs. Skemmtun er fastur liður í skólastarfinu okkar þar sem við brjótum upp hversdagsleikann og tökum þátt í ýmsum siðum sem tíðkast í íslenski menningu. Hlutverk kennara og foreldra er mikilvægur hlutur í náms uppbyggingu nemenda og lítum við á foreldrasamstarf sem fastan liður í okkar skipulagningu.

Um skólann

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar er í Fjarðabyggð og er fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur koma úr dreifbýli og þéttbýli við Fáskrúðsfjörð. **Í vetur stunda 107 nemendur nám við skólann.** Skólinn er hluti af skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði en þar starfa leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli og almenningsbókasafn undir sama þaki. Skólamiðstöðin stendur á ákjósanlegum stað, í hlíðinni efst í Búðarporpi, með skógræktarsvæði og lítið snortna náttúru með villtum gróðri í næsta nágrenni. Jafnframt er stutt ganga að sjó og ferskvatni. Við skólamiðstöðina eru leiksvæði fyrir bæði leik- og grunnskóla. Í skólamiðstöðinni er rekið skólaeldhús þar sem eldað er fyrir alla nemendur skólanna. Rekstur skólaeldhússins er á ábyrgð leikskólastjóra. Í skólanum er töluverð samkennd þar sem kennarar vinna saman í teyrum þvert á námsstig og eru því samábyrgir fyrir umsjón með nemendum og námi. Hópasamsetningin er breytileg milli ára vegna misfjölmennra árganga. Samkennd árganga býður upp á einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur geta bæði fylgt námsmarkmiðum eldri eða yngri nemenda í hópnum eftir því sem við á. Við leggjum áherslu á

samvinnu og samkenndu kennara og jákvæðan skólabrag. Að kenndu lokinni gefst nemendum á yngsta stigi, 1. – 4. bekk kostur á lengdri viðveru á Skólaseli frá kl. 13:10 til 16:30 alla daga.

Opnunartími skólans

Skólinn er opnaður kl. 07:45 á morgnana. Kenndu hefst kl. 8:10 en nemendur mega koma inn strax og skólinn er opnaður. Komi nemendur á þessum tíma í eiga þeir að fara beint í sínar heimastofur. Markmiðið með skólaopnun kl. 8.10 en ekki kl. 8.00 er að auka sveigjanleika á morgnana þannig að nemendur og starfsfólk komi ekki allt á sama tíma. Þá verði minna stress, bæði inni í skólanum og ekki síður í umhverfi skólans t.d. á bílastæðinu. Eins verði meiri ánægja í byrjun skóladagsins og minni líkur á árekstrum nemenda. Það er okkar sýn að ef dagurinn byrjar vel eru meiri líkur á að hann gangi betur og endi þá betur. Móttaka er í höndum ritara, húsvarðar, stuðningsfulltrúa og skólaliða.

Skólinn lokar kl. 16:00 en Skólaselið er opið til kl. 16:30.

Sími skólans er 475 9020. Ritari er við símann frá kl. 7:45-12:00.

Sími Skólasels er: 841-2301

Netfang skólans er: fask@skolar.fjardabyggd.is

Heimasíða skólans er: www.fask.is

Heimilisfang: Hlíðargata 56, 750 Fjarðabyggð

Saga Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Fast skólahald fyrir börnin í Búðakauptúni má rekja aftur til ársins 1900, en fyrir þann tíma fengu þorpsbörnin farkennslu með svipuðum hætti og börnin í dreifbýlinu.

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar varð til eftir að hrepparnir tveir í Fáskrúðsfirði, Búðahreppur og Fáskrúðsfjarðahreppur sameinuðust um skólarekstur og byggingu nýs skólahúss fyrir börn og ungmenni í firðinum. Nýja húsið sem var um 1400 m² að stærð á tveimur hæðum, er staðsett í fjallshlíðinni innarlega í þorpinu á Búðum. Það var tekið í notkun

Í október 1978 og voru þá um 150 nemendur í skólanum. Í húsinu voru sjö kennslustofur fyrir bóklega kennslu, sérstofur fyrir handmennt, myndlist og smíðar auk sérútbúinnar stofu fyrir náttúrufræðikennslu. Að auki voru smá rými fyrir skólabókasafn og lesver sem ekki hafði verið reiknað með við hönnun skólans. Í húsinu var í sama rými skólaeldhús og mötuneyti fyrir börnin úr dreifbýlinu ásamt rúmgóðu afdrepi fyrir þau til að bíða eftir skólaakstri. Skólaíþróttir voru áfram stundaðar í íþróttasalnum sem byggður var 1937 en nýtt íþróttahús var tekið í notkun árið 2008. Sundkennsla fer ennþá fram í lauginni sem tekin var í notkun árið 1947. Með einsetningu grunnskóla árið 1995, kröfum um hádegismat fyrir nemendur í skólanum og síauknum starfsmannafjölda þá var ljóst að skólahús grunnskólans var orðið allt of lítið. Um 2003 var farið í ítarlega þarfagreiningu fyrir viðbótar húsnæði í samvinnu við arkitektinn Orra Árnason. Niðurstaðan var sú að breyta grunnskólanum í eina skólamiðstöð sem hýsti leik- grunn- og tónlistarskóla ásamt sameiginlegu skóla- og almenningsbókasafni, hátíðar- og matsal, mötuneyti fyrir alla, skólaeldhúsi, fjarfundarými, stjórnendarými og sameiginlegri kaffistofu fyrir alla starfsmenn. Byggingaframkvæmdir hófust árið 2005. Leikskólinn flutti í sinn hluta árið 2007 og full starfsemi komin í húsið 2009, almenn ánægja ríkir um þessa viðbót. Endurbætur á gamla húsinu hafa staðið yfir síðastliðin þrjú ár en er nú lokið.

Skólastjórar barnaskólans á Búðum, seinna Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar:

Björn Daníelsson	(1908 - 1918)
Eiður Albertsson	(1918 - 1952)
Jón Þorberg Eggertsson	(1952 - 1955)
Pétur Sumarliðason	(1955 - 1957)
Aðalsteinn Hallsson	(1957 - 1962)
Jóhann Antússon	(1962 - 1963)
Þórólfur Friðgeirsson	(1963 - 1975)
Ólafur Bergþórsson	(1976 - 1976)
Einar Georg Einarsson	(1976 - 1979)
Einar Már Sigurðarson	(1979 - 1982)
Páll Ágústsson	(1982 - 1986)
Guðmundur Þorsteinsson	(1986 - 1997)
Árni Þorsteinsson	(1997 - 1998)
Hafsteinn Halldórsson	(1998 - 2003)
Þórhildur Helga Þorleifsdóttir	(2003 - 2006)
Líneik Anna Sævarsdóttir	(2006 - 2013)
Einar Már Sigurðarson	(2013 - 2015)
Eygló Aðalsteinsdóttir	(2015 - 2022)

Stefna Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að þátttöku allra nemenda í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun. Lögin segja enn fremur að stuðla eigi að alhliða þroska allra nemenda. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Grunnskólinn á að vera sá staður sem nemendur fá tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni. Þeir þurfa að temja sér vinnubrögð sem stuðla að menntun og þroska. Leggja þarf grunn að sjálfstæðri hugsun og hæfni til samstarfs.

Ný menntastefna stjórnvalda til ársins 2030 byggist á bygg-ist á fimm stoðum sem rímar vel í við stefnu Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar:

- Jöfn tæki-færi fyr-ir alla
- Kennsla í fremstu röð
- Hæfni fyr-ir framtíðina
- Velliðan í önd-vegi
- Gæði í for-grunni

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á sex grunnþáttum menntunar. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

er mikil áhersla lögð á að þessir þættir endurspegli starfshætti, skólabrag og samskipti. Að sama skapi mótist inntak náms og efnisval, kennslu og leiks af þessum grunnþáttum.

Lögð er áhersla á Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar sé aðlaðandi vinnustaður þar velferð allra sé að leiðarljósi. Starfsfólki og nemendum líði vel í leik og starfi. Sköpuð sé sterk samvinnumenning svo starfsfólk vinni náið saman að velferð nemenda.

Mikil áhersla er á að starfsfólk fái að njóta styrkleika sinna og að það fái rými til að þróa sig starfi allt með það að leiðarljósi að fylgja stefnu skólans og stjórnvalda. Mikil áhersla er einnig á fjölbreytni í kennsluaðferðum, nýsköpun og skapandi starf.

Í skólanum er mikil áhersla lögð á teymisvinnu á öllum stigum og áhersla lögð á að allt skipulag miði að því að rými sé til samstarfs. Til þess að svo megi vera er stundataflan þannig uppbyggð að tryggður er samráðstími fyrir allt starfsfólk. Hvatt er til skapandi hugsunar og gagnkvæmrar virðingar nemenda og starfsfólks. Allt starfsfólk sé hluti af teyminum og upplifi sem hluti af sterkri heild. Skólinn er Olweusarskóli og líðan allra í fyrirrúmi.

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar er hluti af stóru lærdómssamfélagi í Fjarðabyggð. Fræðslu- og frístundarstefna sveitarfélagsins gerir ráð fyrir að:

- Íbúar njóti fræðslu og frístunda í öruggu og hvetjandi umhverfi þar sem þeir fá færi á að blómstra og borin er virðing og umhyggja fyrir umhverfinu.
- Börn og ungmenni njóti fræðslu og frístunda sem stuðla að alhliða þroska, vellíðan og samfélagslegri ábyrgð.
- Íbúar njóta fjölbreyttra frístunda í heilsueflandi samfélagi sem stuðlar að góðri líkamlegri og andlegri heilsu.
- Fræðslu og frístundastarf einkennist af fagmennsku, jákvæðni og styðjandi samstarfi.
- Meginmarkmið fræðslu og frístundastefnu Fjarðabyggðar er að íbúar, ungir sem aldnir, þroski hæfileika sína sér og öðrum til góðs í samfélagi sem einkennist af virðingu fyrir mannlífi og náttúru.

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er starfað samkvæmt einkunnarorðunum: *Ánægja - ábyrgð - árangur*. Ánægja vísar til þess að:

- Við séum umburðarlynd og víðsýn
- Velferð allra er grunnur að góðu skólastarfi
- Gleði skal viðhöfð samhliða leik og starfi
- Við mætum þörfum allra í námi og starfi
- Styrkleikar allra séu nýttir
- Skólabragurinn sé jákvæður

Ábyrgð vísar til að:

- Hver og einn ber ábyrgð á framkomu sinni og gjörðum með hliðsjón af aldri og þroska
- Hver og einn þarf að læra að bera ábyrgð á sínu námi og starfi
- Við lærum af mistökum okkar
- Við berum öll sameiginlega ábyrgð á nemendum
- Við förum eftir uppeldisstefnu skólans
- Við berum öll sameiginlega ábyrgð á umgengni og hjálpumst að

Árangur vísar til þess að:

- Við séum virkir þátttakendur í samfélaginu
- Við gerum betur í dag en í gær
- Við nýtum leiðsögn til þess að bæta okkur
- Við gerum okkar besta
- Saman erum við sterkari
- Við sýnum þrautseigju / seiglu og notum frekar hugarfar grósku en hugarfar festu

Skólastefna Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar byggist á ofangreindum markmiðum.

Ólöf Linda Sigurðardóttir er leiðtogi í Byrjendalæsi.

Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen er leiðtogi í Stærðfræði PALS.

Skólabragur

Í grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er lögð áhersla á jákvæð samskipti sem reist eru á grunni gagnkvæmrar virðingar innan liðsheildar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. Allir geta lært og tekið framförum, sú vitneskja endurspeglast í viðhorfum starfsfólks og störfum. Leitað er allra leiða til að hver nemandi nái sínum besta árangri og taki stöðugum framförum í námi. Innra starf skólans er metið reglulega og taka starfsfólk, nemendur og foreldrar þátt í því. Í matsferlinu er leitað nýrra leiða, nýrrar þekkingar og áætlanir mótaðar til umbóta í skólastarfinu. Markmiðið er að grunnskóli Fáskrúðsfjarðar verði skóli þar sem ánægja, ábyrgð og árangur ríki.

Nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi þátttöku þeirra í mótun jákvæðs skólabrags. Hver einstaklingur/nemandi ber ábyrgð í samræmi við aldur og þroska. Með heildstæðri og öflugri lífsleikniáætlun á öllum skólastigum er lögð áhersla á styrkingu jákvæðrar sjálfsmyndar nemenda, eflingu umburðarlyndis og virðingar gagnvart samnemendum, starfsfólki og skólasamfélaginu í heild. Ætlast er til góðrar umgengni af nemendum og þeir sýni kurteisi og góða framkomu. Mikil áhersla er lögð á að traust ríki milli allra í skólanum, einnig á milli skóla og heimila. Hefðir og siðir í skólastarfinu, þar sem reglubundið skólastarf er brotið upp, eiga stóran þátt í að viðhalda og móta góðan skólabrag. Stjórnendur og starfsfólk skólans leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag.



Agamál


Samkvæmt reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum er það sameiginleg ábyrgð nemenda, starfsfólks og foreldra að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið. Í reglugerðinni kemur fram að í hverjum grunnskóla skuli vera skólareglur sem skylt er að fara eftir. Einnig segir að nemendur eigi að fara eftir fyrirætlum kennara og starfsfólks skóla og fylgja almennum umgengisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur. Ef mál leysast ekki eftir hefðbundnum leiðum er hægt að taka þau til umræðu í lausnaleyarteymi skólans.

[Lausnaleyarteymi Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar skipa:](#)

Helga Ósk Snædal - aðstoðarskólastjóri

Ólöf Linda Sigurðardóttir - deildarstjóri sérkennslu

Kristrún Selma Ölversdóttir - skólahjúkrunarfræðingur
 Tinna Hrönn Smáradóttir - iðjuþjálfari
 Karen Sif Randversdóttir - þroskaþjálfari
 Heiða Hrönn Gunnlaugsdóttir - þroskaþjálfari



Uppeldi til ábyrgðar

Uppbygging sjálfsaga - Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) er hugmyndakerfi sem starfsfólk skóla kennir og notar í samskipta- og agamálum. Haustið 2010 hófst innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar eins og í öðrum leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar. Uppeldi til ábyrgðar er til að móta skólabraginn, samskipti og skólareglur. Stefnan er í daglegu tali nefnd Uppbygging. Lögð er áhersla á kennslu sjálfsaga, sjálfstjórn og uppbyggileg samskipti. Á hverju skólaári er stofnað teymi sem heldur utan um þróun uppeldi til ábyrgðar í skólanum. Árlega geta starfsmenn grunnskóla Fjarðabyggðar farið á endurmenntunarnámskeið í Uppbyggingarstefnu

skólanna en einnig er nýjum starfsmönnum boðið á heildagsnámskeið um stefnuna og hvernig eigi að nýta hana í skólastarfinu.

Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hvernig við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðun okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðrétta og bæta fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust.

Uppbygging leggur áherslu á samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og virðingu fremur en ytri umbun.

Uppbygging eflir hæfileikann til sjálfstjórnar og hvernig brugðist er rétt við aðstæðum.

Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Markmiðið er að lifa við öryggi.

Uppeldi til ábyrgðar er aðferð og leið til að ýta undir:

- jákvæð samskipti
- kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga
- taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- læra af mistökum í samskiptum
- þekkja sína styrkleika

Stefnan byggir á því að öll höfum við ákveðnar grundvallarþarfir en hins vegar er það mismunandi hvaða þarfir skipta hvern og einn mestu máli. Til að við getum uppfyllt þarfir okkar þurfum við að uppfylla grunnþörf okkar allra um fæði, klæði og húsaskjól.

Skóli án aðgreiningar

- reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla er menntastefnan Skóli án aðgreiningar skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi“.

- Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er leitast við að skapa aðstæður til fullgildrar þátttöku allra nemenda þar sem barist er gegn aðgreiningu og fordómum. Lögð er áhersla á að borin sé virðing fyrir fjölbreyttum þörfum og hæfileika hvers nemanda. Fagfólk innan skólans stefnir

að því að mæta námsþörfum hvers og eins. Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðuðum verkefnum eftir þörfum en hafa kost á því að takast á við verkefni með jafnöldrum í gegnum fjölbreytta kennsluhætti í öllum fögum grunnskólans. Lagt er áherslu á að nemendur öðlist getu og áhuga til að taka ábyrgð á eigin námi og að þeir séu virkir þátttakendur. Til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda er einnig sérkennsla við skólann, ásamt stoðþjónustu.

Teymi uppeldi til ábyrgðar skipa::

Elsa Sigrún Elísdóttir - leiðtogi

Heiðbrá Björgvinsdóttir

Guðfinna Erlín Pétursdóttir

Lærdómssamfélagið

Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar er áhrifaríkt lærdómssamfélag þar sem ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemendanna.

Mikilvægt er að móta sameiginlega framtíðarsýn þannig að faglegt samstarf, starfsþróun og gagnvirkni eigi sér stað í skólanum. Þess vegna er teymiskennsla og teymisvinna grunnur að öllu formlegu og óformlegu samstarfi. Allt skipulag skólans gerir ráð fyrir samstarfi. Samvinnumenning einkennist af því að fólk vinni saman og skiptist á hugmyndum og læri hvert af öðru. Þá eiga sér stað samræður um nám og kennslu, gæði þeirra og gagnrýnin ígrundun verður hluti af skólastarfinu. Samvinna dregur úr einangrun og virkar sem stuðningur, ekki síst við nýja kennara. Áfram verður unnið að þróun og uppbyggingu lærdómssamfélagsins með fjölbreyttum leiðum. Nánari útlistun í endurmennturáætlun skólans.

Teymiskennsla

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er lögð áhersla á teymiskennslu á öllum stigum. Kennarar taka sameiginlega ábyrgð á umsjónarhópum og geta sjálfir tekið ákvarðanir um hvernig best er að skipuleggja starfið. Þeir eru hvattir til að nýta styrkleika sína og sitt faglega rúm til ákveða hvernig best er að skipuleggja kennsluna og þau rými sem hóparnir fá að vinna með. Umsjónarkennararnir fá með sér stuðningsaðila og aðra fagaðila til samvinnu á stiginum. Áhersla er lögð á að liðsheid innan teymanna þannig að stuðningsaðilar séu einnig kallaðir kennarar og vinni náð með teymunum. Í teymiskennslu er meira samstarf og það ýtir undir fagmennsku á flestum sviðum. Teymin taka ákvarðanir um nám og velferð barna og eftir því sem fleiri koma að borðinu eru meiri líkur á að réttar ákvarðanir séu teknar með það að leiðarljósi að koma sem best til móts við þarfir hvers og eins. Teymiskennsla er líka tækifæri fyrir kennara og aðra fagaðila að til þess að eiga samtál um bekkjarstjórnun og lausnleiðir í þágu nemenda. Eins geta kennarar verkaskipt í meira mæli þegar álagið er mikið sem eykur ánægju í starfi. Þar sem samvinnumenning er ríkjandi ganga samskipti betur og fólk sýnir skoðunum og viðhorfum nemenda meiri áhuga. Kennarar eru meira hvetjandi og beita frekar leiðbeinandi aðferðum. Eins er meira um lýðræðisleg vinnubrögð þar sem teymiskennsla er viðhöfð og meiri merki um starfsþróun. Teymiskennsla eykur gæði náms og almennt eru nemendur ánægðari í skólanum, meiri námsáhugi og námsárangur. Teymiskennsla ýtir einnig undir aukin og betri tengsl milli kennara og nemenda. Það er ekki nóg að teymiskennsla sé viðhöfð heldur þarf hún að vera markviss til að hún skili árangri. Fyrst og fremst hvetur teymiskennsla kennara til að nýta styrkleika sína í starfi.

Heilsueflandi skóli

Heilsueflandi grunnskóli er evrópskt samstarfsverkefni sem hófst 1992 og eru 40 Evrópulönd þátttakendur. Árið 1999 gerðist Ísland formlegur þátttakandi og hefur Embætti landlæknis yfirumsjón með verkefninu. Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar hóf þátttöku í verkefninu haustið 2011. Menntun er mikilvæg forsenda heilbrigðis en jafnframt er líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði og vellíðan mikilvæg forsenda náms og góðs námsárangurs. Þróunarstarfi

- Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi og þar með uppfylla hlutverk sitt á sviði heilbrigðis og velferðar. Sérstök áhersla er

lögð á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þessir þættir eru: nemendur, nærsamfélag, hreyfing og öryggi, mataræði og tannheilsa, heimili, geðrækt, lífsleikni og starfsfólk. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi skólastjórnenda, kennara, annars starfsfólks, nemenda, foreldra, skólahjúkrunarfræðings og nærsamfélagsins.

Í vetur verður lögð sérstök áhersla á aukna hreyfingu og slökun í skólanum. Hvert umsjónarteymi þarf að skipuleggja hreyfingu í a.m.k. 20 mínútur tvisvar sinnum í hverri viku. Um leið þarf einnig að skipuleggja slökun a.m.k. einu sinni í viku. Eins verður sérstök Velferðarvika með stuttum viðburðum. Markmiðið er hafa fjölbreytta og skemmtilega viðburði reglulega á sal fyrir allan skólann.

Mikil áhersla er á að starfsfólk nýti sér þær þjargir sem í boði eru og má þá nefna hugleiðslur sem allir hafa aðgang að á Heillastjörninni og Hugarfrelsi.

[Heilsueflandi teymi Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar skipa:](#)

Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir - leiðtogi

Tania Li Mellado

Karen Sif Randversdóttir

Weerawan Warin.



Umhverfisstefna

Hver einstaklingur þarf að temja sér ábyrga umgengni og bera ábyrgð á sínu nánasta umhverfi og samfélagi. Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar hefur það að stefnu sinni að nemendur og starfsfólk geri sér grein fyrir mikilvægi náttúru- og umhverfisverndar. Með því að kynnast nánasta umhverfi sínu tileinka allir sér ábyrga hegðun og umgengni við umhverfi skólans og náttúru Íslands. Skólinn hefur á undanförunum árum aukið verulega endurvinnslu og endurnýtingu. Lífrænn úrgangur, pappír, plast, málmur og almennur úrgangur eru aðskilin. Þá eru lífræn ræstiefni notuð og

rafmagn sparað. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist sínu grenndarsamfélagi. Yfir veturinn eru unnin verkefni í tengslum við umhverfisvernd og koma þau verkefni inn á fjölbreyttar námsgreinar. Skólinn fékk á sínum tíma Grænfánann en er eins og stendur Skóli á grænni grein.

[Umhverfisnefnd Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar skipa:](#)

Dagný Elísdóttir - leiðtogi

Elsa Guðjónsdóttir

Karen Auðbjörg Kjartansdóttir

Sigurður Ágúst Pétursson



9

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru meginatriði í menntun og þessir þættir eiga að setja mark sitt á nám. Grunnþættirnir eiga sér stoð í löggjöf um fræðslu barna og ungmenna. Þættirnir eiga að vera sýnilegir í öllu skólastarfi og fléttast inn í námskrá skólans. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hvernig þessir þættir birtast í starfi GF.



almenntri
kennslu, leik og
menntun og

Læsi

Með læsi í víðum skilningi er bæði átt við tæknina sem felst í því að kunna að lesa og skrifa texta, þ. m. t. að nýta sér þá miðla og upplýsingatækni sem völ er á í þjóðfélaginu hverju sinni, sem og hina yfirfærðu merkingu þess að geta lesið í umhverfið og margvíslegar félagslegar aðstæður. Átt er við læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þannig skal stefnt að því að nemendur öðlist hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýnninn hátt og taka þátt í að móta það.

- Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er læsi þungamiðja menntunar á öllum stigum. Á yngsta stigi er unnið með Byrjendalæsi sem er samvirk námsaðferð þar sem áhersla er lögð á orðaforða,

lestrartækni, lesskilning og ritun á skapandi hátt. Lykilþættir í lestrarnáminu eru áhugi, samvinna og gleði. Í öllu skólastarfinu er lögð áhersla á yndislestur og er ætlast til þess að hver bekkur fái 20 mínútur á dag til þess. Á unglíngastigi er lögð áhersla á túlkun og greiningu upplýsinga, miðlalæsi og læsi sem snýr að umhverfinu, svo sem samfélags- og menningarlæsi. Þjálfaður er leitarlestur með notkun fjölbreytts lesefnis hvort sem er í textabókum eða á stafrænu formi. Nemendur 4. og 7. bekk taka þátt í Litlu og Stóru upplestrarkeppninni og einnig er Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur ár hvert með áherslu á læsi í víðum skilningi.

Sjálfbærni

Samkvæmt aðalnámskrá felst í hugtakinu sjálfbærni jafnvægisástand og er algengasti skilningurinn sá að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar ekki í lakara ástandi en við tókum við því. Sjálfbærnimenntun felst í því að nemendur þroskist sem virkir borgarar í samfélagi þar sem virðing ríkir gagnvart mönnum og umhverfi, jafnt nærumhverfi sem hnattrænu.

GF hefur gert sér umhverfisstefnu þar sem áhersla er lögð á góða umgengni, flokkun sorps, endurvinnslu og nýtingu. Einnig er lögð áhersla á að nemendur styrkist sem einstaklingar, meðvitaðir um gildi og viðhorf og þjálfist í að takast á við álita- og ágreiningsmál sem tengjast umhverfisvitund. Nemendur læri að lesa í umhverfi sitt og beri þannig virðingu fyrir því sem og jafnræði allra jarðarbúa. Einnig er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir því að þau eru hluti af umhverfi sem er án landamæra. Með þessu læra þeir að skilja hugtakið sjálfbærni og hvað býr að baki því. Náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni á öllum stigum stuðlar að aukinni sjálfbærnivitund nemenda.

Lýðræði og mannréttindi

Nemendur búa í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að þeir læri um lýðræði í lýðræði. Leggja þarf áherslu á að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Skólinn þarf að kenna nemendum sínum um grundvallarmannréttindi barna og fullorðinna. Öll lýðræðismenntun þarf að byggjast á

gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Þannig þarf samstarf skólans við heimili svo og íþrótta- og æskulýðsstarf að vera vel virkt.

- GF er markvisst unnið að því að nemendur fái að taka afstöðu til ýmissa mála sem varða þá. Haft er samráð við nemendur varðandi íþrótta- og skólastarf almennt. Haldnir eru reglulegir bekkjarfundir þar sem allir nemendur fá að tjá sig en leitast er við að nota fjölbreytt samræðuform. Heildstæð námsáætlun í lífsleiknikennslu sem spannar allt skólastigið leggur m.a. áherslu á lýðræðis- og mannréttindamenntun og virkni nemenda til ígrundunar. Það er gert með vinnu í anda stefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar, ART* og einnig vinnur skólinn eftir

Olweusaráætlun gegn einelti. Nemendur á mið- og unglíngastigi taka þátt í mati á skólastarfinu, bæði með árlegum nemendakönnunum sem og með þátttöku í mati skólastarfs með gagnvirkri sjálfsmatsaðferð skólans, *Skólalúlsinum*. Í skólastarfinu er lögð áhersla á þjálfun lýðræðislegra vinnubragða, bæði í almennu námi og í félagsstörfum. Reynt er að höfða til áhuga nemenda og vilja þeirra til þess að taka virkan þátt í skólastarfinu og samfélaginu á jákvæðan hátt. Samstarf aðila Skólamiðstöðvar og samstarf við nærsamfélagið er mikilvægur þáttur í GF.

Jafnrétti

Það er stefna stjórnvalda að á Íslandi sé rekinn skóli án aðgreiningar. Það þýðir að allir nemendur eiga að fá jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína til þátttöku í frjálsu samfélagi sem byggist á skilningi, umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti. Jafnrétti er ekki bara kynjajafnrétti heldur nær það til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætterni og þjóðernis. Jafnréttismenntun skal ná til allra ofangreindra þátta og koma fram í starfsháttum, inntaki og umhverfi skólans.

- GF er lögð áhersla á ofangreind markmið í öllu starfi, bæði hvað varðar jafnan rétt kynjanna, sem og allra nemenda til náms og þroska. Uppeldisstefnan *Uppeldi til ábyrgðar* er

leiðarljósið í daglegu starfi skólans þar sem áherslan er á fjölbreytileika einstaklinganna og að hver og einn læri að taka ábyrgð á sjálfum sér og virða rétt annarra. Með einstaklingsmiðuðu námi er reynt að mæta hverjum einstaklingi á hans eigin forsendum og aðstoða til náms og þroska. Samkennsla árganga styður við einstaklingsmiðað nám innan skólans og einstakir viðburðir innan skólans efla samvinnu og samkennd. Jafnréttisfræðsla er hluti af hefðbundnum námsgreinum eins og lífsleikni og samfélagsfræði. Einnig má nefna að Olweusaráætlunin gegn einelti og Skólapúlsinn (innra mat) er með jafnrétti sem markmið.

Heilbrigði og velferð

Skólabragur hvers skóla gefur til kynna þann anda sem ríkir í skólanum. Mikilvægt er að samskiptareglur og skólareglur séu skýrar og eftirfylgni jákvæð. Kennslufyrirkomulag þarf að vera í sífelldri þróun og mikilvægt að nemendur og foreldrar fái að hafa áhrif á skólastarfið. Allar áætlanir, svo sem viðbragðsáætlun, forvarnaráætlun, áfallaáætlun, eineltisáætlun, sérkennsluáætlun, jafnréttisáætlun og áætlun um móttöku nýrra nemenda þurfa að vera til staðar og í stöðugri endurskoðun.

GF er unnið samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar. Þar er unnið með jákvæð samskipti en þau hafa mikil áhrif á heilbrigði einstaklinga og velferð og í gegnum samskiptin byggist sjálfmynd einstaklinga upp. Í GF er lögð áhersla á ART á yngsta stigi þar sem nemendur eru þjálfaðir í að setja sig í spor annarra og gera sér grein fyrir tilfinningum sínum og annarra. Þar læra nemendur einnig að leysa vandamál á jákvæðan hátt. Í GF er áhersla lögð á að góð næring sé í boði fyrir nemendur og starfsfólk og allir nærast í notalegu umhverfi. GF er heilsueflandi skóli.

Sköpun

Sköpun getur komið við sögu í öllu skólastarfi. Sköpun felst í því að móta viðfangsefni sem örva hugmyndaflug nemenda til að gera eitthvað nýtt en einnig til að geta tekið skref aftur á bak og skoðað verk sín og annarra með gagnrýnu hugarfari. Sjálfstæð skoðanamyndun nemenda á eigin verkum og annarra er einn veigamikill þáttur sköpunar. Sköpunarferlið sjálft er ekki síður mikilvægt en afraksturinn og ber að hafa það í huga í öllu námsferli. Með því að skapa geta nemendur öðlast dýpri skilning á viðfangsefnum sínum. Fáir sköpunargleðin notið sín óheft er líklegt að árangur náist. Rannsóknir sýna að þeir sem koma úr listríku umhverfi vegnar betur í námi en öðrum. Í GF er lögð áhersla á að sköpun og frumkvæði komi við sögu sem víðast í skólastarfinu.



Í tengslum við árs hátíð skólans eru samin og sett upp leikverk og dansverk, á þemadögum er unnið með sköpun. Einnig er sköpun stór þáttur í fjölmörgum verkefnum eins og Legoverkefni unglíngastígs, nýsköpunarverkefnum og ýmsum öðrum upptákum eins og öskudegi og þorablóti. Nemendur frá 1. - 7. bekk vinna í list- og verkgreinum í lotum. Einnig er tónlist kennd á mið- og yngsta stigi. Tónskólinn er hluti af skólamiðstöðinni þannig að nemendur hafa góða aðstöðu til að taka þátt og njóta tónlistar.

Innra mat

Í grunnskólalögum segir m. a. um innra mat í skólum að „Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á“

Hvað er mat á skólastarfi?

Mat á skólastarfi snýst um að skoða viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til þess sem fram fer í skólanum. Niðurstöður eru nýttar til þess að bæta skólastarfið markvisst. Gagnaöflun innra mats á skólastarfi byggir m.a. reglulegum nemendakönnunum Skólapúlsins fyrir 6.-10.bekk. Könnun á einelti á vegum Olweusarverkefnisins. Ýmsum öðrum upplýsingum safnað á fundum með foreldrum, nemendum og starfsmönnum.

Niðurstöður innra mats skólans eru birtar í matsskýrslu sem gefin er út hvert vor. Í kjölfar niðurstaðna er unnin úrbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Starfsmenn ákveða í sameiningu hvaða verkefni eru sett í forgang.

Matshópur Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar:

Eydís Ósk Heimisdóttir - leiðtogi

Guðfinna Kristjánsdóttir

Eva Ösp Örnólfsdóttir

Bjarney Birta Bergsdóttir

Skólapúlsinn

Skólinn notar sjálfsmatskerfið *Skólapúlsinn* til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Um er að ræða kannanir fyrir nemendum, foreldra og starfsmenn. Forráðamenn fá tilkynningar um fyrirhugaðar kannanir og geta þá tekið afstöðu til þess hvort þeir eða barn þeirra svari spurningalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn má finna [hér](#)

Einn af verkefnahópum kennara, sjálfsmatshópur, annast umsjón þessara kannana og eru niðurstöður þeirra birtar á heimasíðu skólans. Leiði niðurstöður Skólapúlsins í ljós einelti eða vanlíðan hjá nemendum er ávallt reynt að bregðast við strax og gera úrbætur.

Áherslur í starfi vegna Skólapúlsins

- Kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum

- Kynna niðurstöður fyrir nemendum
 - Birta helstu niðurstöður á heimasíðu skólans
 - Búa til úrbótaáætlun úr fyrri könnun
- o. Endurskoða úrbætur eftir seinni könnun að vori

Olweusarkönnun

Leitast er við að fylgjast reglulega með líðan nemenda í skólanum. Einu sinni á ári fylla nemendur í 5. – 10. bekk skólans út spurningalista þar sem kannað er hvort að nemendur upplifi einelti innan skólans. Stjórnendur og sérkennslukennari fara yfir kannanirnar og taka afstöðu til hvort og hvernig bregðast skuli við. Stuðst er við Olweusaráætlunina þar sem m.a. er um að ræða bekkjarfundi, hópfundi með nokkrum nemendum og einstaklingsviðtöl.

Leiði niðurstöður Skólapúlsins í ljós einelti eða vanlíðan hjá nemendum er ávalt reynt að bregðast við strax og gera úrbætur.

Áherslur í starfi vegna Olweusarkönnunar

- Kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum
 - Kynna niðurstöður fyrir nemendum
- Birta helstu niðurstöður á heimasíðu skólans
- Búa til úrbótaáætlun þegar niðurstöður liggja fyrir o Endurskoða úrbætur að vori

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu og stuðla að auknum gæðum í starfinu.

Samofið öllu skólastarfi - greining fyrirbyggjandi gagna

Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem kennarar, stjórnendur og starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins. Mikið af gögnum verður til í daglegu skólastarfi sem nýtast í innra mati. Gögnin eru þá greind fyrir hópa, bekki, ágangi og skólann í heild. Hér eru nokkur dæmi um þætti sem greindir eru reglulega:

- Niðurstöður ýmiskonar námsmats
- Framfarir nemenda
- Ástundun og mætingar
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Fundargerðir
- Ýmis konar skýrslur

Námsmat

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar leggjum við áherslu á fjölbreytt námsmat með það að markmiði að greina stöðu nemenda og aðlaga námið að þörfum hvers og eins, örva námsáhuga og hvetja til sjálfsmats. Námsmatið hjá okkur fer þannig fram:

- Við byrjum á að meta stöðuna út frá viðtölum nemenda, foreldra og umsjónarkennara í ágúst þar sem farið er yfir félagslega og námslega stöðu nemandans, líðan og skólastarfið framundan kynnt ásamt öðrum hagnýtum atriðum.

- Viðtal í október þar sem farið er yfir frammistöðumatið sem nemendur og kennarar fylla út í mentor
- Nemendastýrð viðtöl í mars þar sem nemendur stýra samtalinu, sýna foreldrum frammistöðu sína og ræða líðan og upplifun í skólanum.
- Verkefni sem unnin eru út frá hæfniviðmiðum
- Kannanir sem unnin eru út frá hæfniviðmiðum
- Símat fer fram allt skólaárið og síðan fá nemendur einkunn/umsögn í maí við skólalok.

Námsmat skal vera fjölbreytt og meta ólíka þætti náms, s.s. þekkingu, leikni og hæfni en jafnframt ber að koma til móts við nemendur með sértæka námsörðugleika.

Kennarar fylla námsmat jafnt og þétt yfir skólaárið í hæfnikort í Mentor fyrir hvert fag. Forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með námsmati jafnt og þétt yfir veturinn.

Matskvarði

1. Yngstastigi (1. – 4. bekkur) og miðstigi (5. – 7. Bekkur) eru tákn nýtt sem matskvarðar og sjást þeir í lokamati nemenda að vori.



Framúrskarandi



Hæfni náð



Á góðri leið



Þarfnast þjálfunar



Hæfni ekki náð

Á unglíngastigi (8. – 10. Bekkur) er hæfniviðmið metin með sömu táknum en nemendum gefið lokamat að vori með bókstöfum A – D.

A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
B+	Hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
C+	Hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum greinasviðs.
*	Stjörnumerktar einkunnir fá þeir nemendur sem stundað hafa nám sitt að fullu eða að hluta eftir aðlagðri námskrá og viðmiðum í samræmi við metnar sérþarfir, en ekki samkvæmt hæfni og matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

Lykilhæfni

Árið 2011 voru í aðalnámskrá grunnskóla skilgreindir fimm lykilhæfniþættir sem eru nýting miðla og upplýsinga, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, ábyrgð og mat á eigin námi og tjáning og miðlun. Þessir fimm þættir eru hafðir að leiðarljósi þegar unnið er að hæfniviðmiðum námsgreina.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af sérfræðiþjónustu skóla. Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar hefur ekki verið starfandi náms- og starfsráðgjafi frá árinu 2017. Fagmenntaður námsráðgjafi er fenginn í heimsóknir á hverju skólaári til að vinna tengslakannanir í öllum bekkjum. Meðal verkefna námsráðgjafa er að kynna framhaldsskólanám, áhugasviðskönnun með nemendum 9. og 10. bekkjar og skilar niðurstöðum úr þeim í einstaklingsviðtölum.

Nemendaverndarráð

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar starfar nemendaráð sem fundar mánaðalega. Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Í ráðinu sitja aðstoðarskólastjóri, deildastjóri sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur skólaskrifstofu, tengiliður frá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar og fleiri aðilar ef þurfa þykir.

Nemendaverndarráð fjallar um og samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérkennslu, sálfræðiþjónustu og heilsugæslu. Nemendaverndarráð skólans starfar skv. lögum um grunnskóla 91/2008 og reglugerð 584/2010 sem tekur til starfshátta nemendaverndarráða við grunnskóla. Hlutverk þess er að samræma ýmsa sérfræðiþjónustu fyrir nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um málefni nemenda sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Koma skal beiðnum um að mál séu tekin fyrir á fundum ráðsins til aðstoðarskólastjóra. Á fundum er ákveðnum aðila gert að fylgja málum eftir. Tilkynna skal forráðamönnum um að málefni nemenda verði tekin fyrir á fundum. Um tilkynningar til barnaverndar eða fræðsluyfirvalda er fjallað í nemendaverndarráði

Nemendaverndarráð Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar:

Aðstoðarskólastjóri - Helga Ósk Þórormsdóttir

Deildarstjóri sérkennslu - Ólöf Linda Sigurðardóttir

Skólahjúkrunarfræðingur - Krístrún Selma Ölversdóttir

Sálfræðingur -

Sérfræðingur frá fjölskyldusviði -

Þróunarstarf

Í GF eru nokkur þróunarverkefni í gangi. Þar má nefna byrjendalæsi á yngsta stigi og Skólinn í skýjunum á miðstigi og unglíngastigi. Þar sem lögð er áhersla á samþættingu námsgreina og samvinnu nemenda. Skólinn er áfram að vinna að þróunarverkefnum sem þegar hafa verið

innleidd í skólastarfi og gefist vel. Þar má nefna skóla á grænni grein, PALS stærðfræði, heilsueflandi skóli, Olweus og ART.

Hvar sjáum við okkur eftir fimm ár?

Teymiskennsla og leiðsagnarnám er þriggja ára starfsþróunarverkefni sem verður innleitt á næsta ári í GF. Það miðar að því að leggja áherslu á faglega teymisvinnu þar sem byggð er upp traust og virðing sem er grundvöllur hreinskiptrar faglegrar umræðu. Það mun leiða að sér aukið sjálfstraust einstaklinga og hópa sem er grundvöllur raunverulegrar þróunar og breytinga á starfsháttum og menningu.

KVAN er verkfærakista þar sem markmiðið er að veita kennurum og öðru fagfólki hagnýt verkfæri sem nýtast í vinnu með börnum. Félagsfærni, vináttuþjálfun, bekkjarandi, samvinna, menning, skólabragur, leiðtogavinna, bekkjarstjórnun, einstaklingsvinna og hópefli eru hluti af viðfangsefnum námskeiðsins. Öll tengjast þau forvörnum gegn einelti og annarri neikvæðri hegðun.

Vinaliðaverkefnið felur í sér að nemendur í 3. til 7. bekk (misjafnt eftir skólum) velja einstaklinga úr sínum bekk til þess að vera Vinaliðar. Hlutverk Vinaliða er að hafa umsjón með leikjum og afþreyingu í löngu frímínútum. Vinaliðar úr öllum bekkjum hittast á tveggja vikna fresti ásamt verkefnastjórum og setja saman leikjadagskrá til tveggja vikna. Hver Vinaliði er á „vakt“ tvisvar sinnum í viku. Vinaliðar sjá um að setja upp leikjastöð og koma leikjum af stað í löngu frímínútum.

Skólaheilsugæsla hjá Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Skólahjúkrunarfræðingur Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er Krístrún Selma Ö. Michelsen og er með viðveru skólaárið 2022-2023 á mánudögum og miðvikudögum milli 08:30 – 13:00.

Heilsuvernd skólabarna

Er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Hjúkrunarfræðingar og læknar á heilsugæslustöðvum sjá um heilsuvernd skólabarna. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru

forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi.

Skimanir

Skimanir eru framkvæmdar í 1., 4., 7. og 9. bekk og felast í mælingu á hæð, þyngd og sjónskerpu. Nemendur í öðrum árgöngum eru skimaðir eftir þörfum. Niðurstöður skimana eru skráðar í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar. Viðtöl um lífsstíl og líðan þegar skimanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk ræðir hjúkrunarfræðingurinn við nemendur um lífsstíl og líðan. Markmið þessara viðtala er að styrkja vitund nemenda um eigin lífsstíl og líðan. Eins að geta gripið til úrræða ef vart verður við vanlíðan eða áhyggjur. Grunnupplýsingar úr lífsstílsviðtali eru skráðar í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.

Bólusetningar

Bólusett er í 7. bekk við mislingum, hettusótt og rauðum hundum og í 9. bekk við barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt. Stúlkur í 7. bekk eru einnig bólusettar gegn HPV (Human papilloma veirum) sem geta valdið leghálskrabbameini. Áður en kemur að bólusetningu er sendur tölvupóstur til foreldra með upplýsingum um tímasetningu. Forráðamenn eru beðnir að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing ef:

- Nánari upplýsinga er óskað.
- Talið er að barn sé ekki að fullu bólusett.
- Óskað eftir því að barn sé ekki bólusett.

Það er á ábyrgð foreldra að láta bólusetja börn sín. Bólusetningar eru skráðar í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.

Heilbrigðisfræðsla

Skipulögð heilbrigðisfræðsla er framkvæmd í öllum árgöngum og er áherslan að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Eftir fræðslu fá foreldrar upplýsingar um hvað fjallað var um í tölvupósti. Þá gefst foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geti nýtt sér það í daglegu lífi. Áherslurnar í fræðslunni eru eftirfarandi:

1. bekkur

- Líkaminn minn, forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi. Markmiðið er að börnin viti að þau eiga sinn líkama sjálf, börnin viti að kynferðisleg misnotkun er alltaf röng og aldrei þeirra sök, viti að þau megi segja NEI (æfa það) og viti að þau eigi að segja frá verði þau fyrir óþægilegri reynslu (aldrei að eiga vond leyndarmál).
- Hjálmar, að vori er fræðsla um mikilvægi hjálmanotkunar og hvernig hjálmurinn er rétt settur á höfuðið.

2. bekkur

- Tilfinningar, fræðsla um mismunandi tilfinningar og hversu fljótt er hægt að ferðast á milli mismunandi tilfinninga. Markmiðið er að börnin læri að þekkja mismunandi tilfinningar sínar og geti tjáð sig um þær og líðan sína.

3. bekkur

- Verkefnabókin um 6H heilsunnar (hollusta, hreyfing, hvíld, hreinlæti, hamingja og hugrekki) þar er m.a. farið yfir tannheilsuna og tannburstun auk þess sem rætt er um hreyfivenjur, ávaxta og grænmetisneyslu og fleiri þætti og venjur sem stuðla að góðri heilsu.

4. bekkur

- Kvíði, fræðsla um einkenni kvíða og að kvíði geti verið eðlilegur. Farið er yfir úrræði við kvíða og slökunaræfingar kenndar.

- Slysavarnir, í kringum 112 daginn þann 11. febrúar er farið í viðbrögð við slysum, börnin skoða umhverfi sitt m.t.t. slysavarna og þekki 112 númerið, líka sem barnanúmerið.

5. bekkur

- Samskipti, markmið er að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, virði skoðanir annarra og æfi sig í að setja sig í spor annarra. Einnig eru skoðuð samskipti á netinu og hvað ber að hafa í huga þar.

6. bekkur

- Kynþroskinn, komið m.a. inn á líkamsbreytingar, sjálfsfróun, kynhneigð og kynferðislegt ofbeldi.
- Endurlífgun, nemendur fá verklega þjálfun í að hnoða og blása.

7. bekkur

- Tannvernd, markmið að nemendur læri að burstu 12 ára jaxlinn og þekki orsakir og afleiðingar glerungseyðingar.

8. bekkur

- Hópþrýstingur, markmiðið er að nemendur læri að þekkja hópþrýsting. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd krakkanna og að þau séu meðvituð um hvort þau séu að taka sínar ákvarðanir sjálf eða ekki.
- Sjálfsmynd og samskipti, markmiðið er að nemendur séu meðvitaðir um hvað líkamsímynd er og hvað hefur áhrif á hana? Enginn er eins og mikilvægt að fagna fjölbreytileikanum.
- Endurlífgun, nemendur fá verklega þjálfun í að hnoða og blása.

9. bekkur

- Kynheilbrigði, markmiðið er að stuðla að bættu kynheilbrigði. Farið er yfir marga þætti s.s. hvað einkennir góð sambönd – kynhneigð – tilfinningar – MÖRK – Mörk í kynlífi – Væntingar og mörk – Ef farið er yfir mörkin – Kynferðislegt ofbeldi – Kynsjúkdómar og getnaðarvarnir.

10. bekkur

- Geðheilbrigði, markmiðið að sporna við fordómum og að nemendur þekki einkenni geðsjúkdóma og viti hvert þau geta leitað eftir aðstoð – einnig farið í bjargráð s.s. slökun, núvitund og tengingu hugsana, tilfinninga og hegðunar.
- Ábyrgð á eigin heilsu, að nemendur þekki starfsemi heilsugæslunnar og hvenær þau geta leitað þangað. Jafnframt er rætt um hvernig þau geta fylgst sjálf með eigin heilsu, t.d. með því að þreifa brjóst og eistu.
- Endurlífgun, nemendur fá verklega þjálfun í að hnoða og blása.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á heimasíðu viðkomandi heilsugæslustöðvar. Einnig: [Leiðbeiningar um heilsuvernd grunnskólabarna](#)

Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar byggir á aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að „vinna skuli að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans“. Einn veigamesti þáttur í forvarnavinnu skólans er fræðsla og samvinna við foreldra auk hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrgðar*. Tilgangur stefnunnar er meðal annars að ýta undir sjálfsaga og þá tilfinningu að hver og einn beri ábyrgð

- eigin líðan og hegðun, viðurkenni mistök og læri að leiðrétta þau á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þá er lögð rík áhersla á virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar starfar einnig í anda *Heilsueflandi grunnskóla*. Í heilsueflandi skóla er hugað sérstaklega vel að andlegri og líkamlegri líðan nemenda og starfsfólks, sem og umhverfi skólans í góðri samvinnu við heimilin og nærsamfélag skólans.

Markmið með forvörnum	Leiðir að markmiðum
Stuðla að heilbrigðum lífsháttum	Fræðsla til foreldra/forráðamanna þar sem meðal annars er lögð áhersla á geðrækt (tilfinningaleg heilsa og vellíðan), útivistartíma, ábyrga tölvunotkun, hegðun, viðhorf, hollustu og heilbrigði, tóbaks- og vímuefnavarnir og fordóma.
Stuðla að öflugu foreldrasamstarfi	Stuðla og hvetja til eftirlits og eftirfylgni foreldra/forráðamanna varðandi skólagöngu og heimanám.
Stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn	Hvetja til heilsuræktar, geðræktar og jákvæðs lífsstíl meðal nemenda.
Styrkja félagsfærni	Fræðsla til starfsfólks skólans.
Efla og styrkja nemendur í eigin námi á þeirra forsendum	Fræðsla til nemenda skólans samkvæmt forvarnaráætlun skólans.
Efla virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu	Starfsfólk grunnskólans sameinast um að vinna eftir forvarnaráætlun sem sett hefur verið upp

Jafnréttisstefna

Það er stefna stjórnvalda á Íslandi að skólar séu reknir án aðgreiningar. Það þýðir að allir nemendur eiga að fá jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína til þátttöku í frjálsum samfélagi sem byggist á skilningi, umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti. Jafnrétti er ekki bara kynjajafnrétti heldur nær það til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætterni og þjóðernis. Jafnréttismenntun skal ná til allra ofangreindra þátta og koma fram í starfsháttum, inntaki og umhverfi skólans.

- GF er lögð áhersla á ofangreind markmið í öllu starfi, bæði hvað varðar jafnan rétt kynjanna, sem og allra nemenda til náms og þroska. Uppeldisstefnan *Uppeldi til ábyrgðar* er

leiðarljósið í daglegu starfi skólans þar sem áherslan er á fjölbreytileika einstaklinganna og að hver og einn læri að taka ábyrgð á sjálfum sér og virða rétt annarra. Með einstaklingsmiðuðu námi er reynt að mæta hverjum einstaklingi á hans eigin forsendum og aðstoða hann til náms og þroska. Samkenndi árganga styður við einstaklingsmiðað nám innan skólans.

Olweusaráætlun gegn einelti tekur á virðingu fyrir fjölbreytileika og jöfnum rétti allra til farsællar skólagöngu. Í GF er einelti ekki liðið. Einstakir viðburðir efla samvinnu og samkennd, jafnréttisfræðsla er hluti af hefðbundnum námsgreinum eins og lífsleikni og samfélagsfræði. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í allri verkmennt, íþróttum, valgreinum og starfsfræðslu og nemendur hvattir til að nálgast þessi verkefni með opnum huga.

Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé unnin og uppfærð samkvæmt lögum á þriggja ára fresti. Jafnréttisáætlun Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar tók gildi í október 2017 og verður því endurskoðuð í október 2021. Aðgerðabundin jafnréttisáætlun má finna [hér](#).

Áfallaáætlun

- Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar hefur sett saman aðgerðaáætlun sem tekur til margvíslegra áfalla og gerir áfallateymi mögulegt að bregðast hratt og fumlaut við þegar áföll verða. Í áfallaáætlun skólans eru upplýsingar um hvernig bregðast skuli við slysum og öðrum alvarlegum áföllum sem upp kunna að koma. **Ef áföll verða sem tengjast nemendum skólans eða aðstandendum þeirra er áriðandi að það sé tilkynnt skólastjórnendum eins fljótt og auðið er.**

Áætlunin tekur til áfalla sem nemendur, starfsmenn, forráðamenn eða systkini nemenda verða fyrir til dæmis af völdum:

- Langvinnra sjúkdóma
- Slysa

- Dauðsfalla
- Annars sem samkvæmt mati áfallateymis veldur áfalli

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

1. Skilgreina mögulegar aðstæður/hættur sem geta skapast í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar.
2. Útbúa og hafa tiltæka áætlun um viðbrögð og kynna starfsmönnum og nemendum skólans áætlunina.
3. Búa til og viðhalda vinnuáætlun svo bregðast megi við ef bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir gerast sem kunna að valda áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögðum.
4. Meta í hvaða tilfellum eða aðstæðum þurfi að grípa til áfallaáætlunar.
5. Sjá um verkstjórn ef áföll eða slys verða.
6. Standa að og skipuleggja fræðslu um áfallahjálp fyrir starfsfólk skólans og tryggja að kennarar eða annað starfsfólk fái stuðning og aðstoð í erfiðum málum sem þeim kunna að berast.

Fastir fundir áfallaráðs eru í lok ágúst eða byrjun september ár hvert. Farið er yfir áætlanir, gagnabanka og hugmyndir um fræðslu. Aðrir fundir eru boðaðir þegar tilefni er til en ráðið hittist a.m.k. einu sinni á hvorri önn.

Áfallaráð setur saman áfallamöppu Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar og uppfærir hana eftir þörfum. Í möppunni má finna áfallaáætlun skólans og ítarefni við hana, t.d. lesefni um viðbrögð við sorg og áföllum í lífi nemenda. Mappan er geymd hjá ritara. Auk þess er mappa með fundargerðum áfallaráðs og frekari gögnum geymd hjá ritara. Áfallaráð kynnir reglulega forvarnir og viðbrögð við ýmiss konar vá til starfsmanna og bendir þeim á fyrirliggjandi gögn. Í upphafi skólaárs er farið yfir veikindi meðal nemenda og viðbrögð við þeim, bent á sjúkrakassa og lyfjaskáp hjá ritara og starfsmenn minntir á að skoða reglulega áfallamöppuna. Aðrar kynningar haldnar eftir þörfum.

Símenntunaráætlun skólans gerir ráð fyrir að áfallaráð standi fyrir sérstökum námskeiðum til að þjálfa starfsmenn í að bregðast við hættuástandi.

Áfallaráð Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar:

Skólastjóri - Viðar Jónsson

Aðstoðarskólastjóri - Helga Ósk Þórormsdóttir

Deildarstjóri sérkennslu - Ólöf Linda Sigurðardóttir

Ritari - Bjarney Birta Bergsdóttir og Dagný Hrund Örnólfsdóttir

Skólahjúkrunarfræðingur - Krístrún Selma Ölversdóttir

Aðgerðaáætlun við áföllum í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar má finna [hér](#).

Öryggis og slysavarnir

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður úr röðum starfsmanna fylgjast með að öryggisreglum sé fylgt eftir og endurbætur séu gerðar strax fari eitthvað úrskeiðis sem ógnað gæti öryggi nemenda og starfsfólks.

Öryggisvörður

Sigurður Ágúst Pétursson

Öryggistrúnaðarmaður

Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Eineltisáætlun/Olweus

Starfsfólk skólans leitast við að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og leysa þau mál sem upp koma

- eins farsælan hátt og kostur er. Það er einlægur vilji okkar að skólinn okkar sé öruggur vinnustaður og að þar líði öllum vel. Við sýnum nemendum okkar festu og ákveðni en um leið hlýju og virðingu.

Síðan haustið 2005 hefur verið unnið samkvæmt aðferðum norska sálfræðingsins Dan Olweus gegn einelti en hann hefur til margra ára unnið að rannsóknum á einelti og sett saman áætlun sem miðar að því [Öryggistrúnaðarmaður](#) að uppræta og vinna gegn einelti.

Bekkjarfundir eru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Bekkjarreglur eru fáar en skýrar þar sem áhersla er lögð á virðingu og vináttu. Við reynum að tryggja öryggi nemenda sem best við getum í frímínútum og á göngum skólans. Gott samstarf heimila og skóla er lykilatriði í baráttunni gegn einelti og lögð er áhersla á aukinni þátttöku foreldra í starfi skólans. Árlega taka nemendur í 5.-10. bekk könnun um líðan og samskipti. Niðurstöður þeirrar könnunar eru kynntar foreldrum.

Hvað er einelti?

Einelti getur birst í ýmsum myndum þótt algengast sé að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt. Í *reglugerð um aðgerðir gegn ofbeldi á vinnustað* segir að:

Einelti er endurtekin ámælisverð háttsemi af hálfu eins eða fleiri saman, þ.e. hegðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera

lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Þetta á m.a. við um skilaboð eða aðrar upplýsingar sem miðlað er í síma eða með rafrænum hætti. Hér er þó almennt ekki átt við samskipti eða skoðanaskipti milli jafninga.

Samkvæmt skilgreiningu Olweusar er það talið einelti þegar einn eða fleiri beita einstakling endurteknu líkamlegu eða andlegu ofbeldi eða félagslegri útskúfun sem getur sýnt sig í eftirtöldum myndum:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar eða skemmdarverk
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni
- Skriflegt: tölvuskeyti, sms–skilaboð, bloggsíðuskrif, krot og bréfasendingar
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi
- Efnislegt: eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar
- Andlegt: þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.

Einelti er ofbeldi sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir þolanda og geranda. Andlegt ofbeldi, eða áreitni, hefur oft verri afleiðingar í för með sér en líkamlegt. Einelti hefur iðulega alvarleg áhrif á nám, líðan og félagsþroska einstaklinga.

Ef grunur vaknar um einelti í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar tekur aðgerðateymi við málinu og sinnir faglegri forystu í því máli innan skólans og veitir kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn. Í aðgerðateyminu eru: skólastjórnendur, umsjónarkennari og eineltisteymi. Sjá má eineltisáætlun GF [hér](#).

[Olweusarteymi Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar:](#)

Tinna Hrönn Smáradóttir - leiðtogi

Heiðar Hrönn Gunnlaugsdóttir

Dagný Elísdóttir

Helga Ósk Snædal

Forvarnir vímuefna

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar vinnur samkvæmt forvarnarstefnu Fjarðabyggðar en meginmarkmið hennar er að skapa aðstæður sem eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif og efla sjálfstraust og sjálfsmat barna og ungmenna.

Markmiðin með forvörnum eru að draga úr neyslu á hvers kyns vímuefnum og tóbaki ungmenna. Einnig er lagt upp með að auka markvissa forvarnastefnu í sveitarfélaginu með auknu samstarfi milli þeirra aðila sem að starfinu koma og auka þar með fræðslu. - Að vímuvarnir verði fastur þáttur í starfsemi félaga, fyrirtækja og stofnana sem hafa með málefni barna og ungmenna að gera í sveitarfélaginu. - Að virkja sem flesta í sveitarfélaginu til að starfa að forvörnum.

[Forvarnarfulltrúi Grunnskóla Fáskrúðsfjarar](#)

Eydís Ósk Heimisdóttir

Skólareglur Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

- hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim. Skólareglur GF byggja á námskrá, lögum og reglugerðum og *uppbyggingarstefnunni* sem lögð er til grundvallar við mótun skólabrags GF. Nánari útfærsla á almennum skólareglum, öryggisreglum, umgengnisreglum, reglum um snjalltæki og reglur um hjólreiðar er að finna [hér](#).

Móttaka nýrra nemenda

Móttaka nemenda í 1. bekk

- 1. bekk er kallað til nemenda- og foreldraviðtals á fyrsta skóladegi þar sem farið er yfir skipulag skólastarfsins við upphaf skóla og nemendum afhent stundaskrá. Á fyrsta skóladegi fara nemendur 1. bekkjar í skoðunarferð um skólann með umsjónarkennara, ásamt því að þeir kynnst frístundarvistuninni eftir hádegi þann dag. Foreldrar meta sjálfir hversu lengi þeir fylgja barni sínu eftir í skólann þessa fyrstu daga. Sjá nánar hlutverk foreldra við móttöku nýrra nemenda hér fyrir neðan.

Móttaka nemenda í 2. – 10. bekk

Þegar nýr nemandi hefur verið skráður í skólann er hann boðaður á fund ásamt foreldrum/forráðamönnum með skólastjóra og væntanlegum umsjónarkennara. Farið er í skoðunarferð um skólann og þeim kynnt helstu atriði í starfi skólans sem skipta máli varðandi skólasamfélagið t.d. skólareglur, skóladagatal, stundatöflu og fleira. Einnig er nemandinn kynntur fyrir öðru starfsfólki skólans og bekknum ef skólaárið er hafið. Þegar mánuður er liðinn af skólaárinu eru foreldrar og nemandi kallaðir aftur í viðtal við umsjónakennara og farið yfir það sem liðið er. Að móttöku nýrra nemenda koma skólastjórnendur, umsjónakennarar og foreldrar.

Flutningur nemenda milli skólastiga

Leikskólinn Kæribær og Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar hafa með sér fjölþætt samstarf sem miðar að því að auðvelda nemendum að flytjast úr leikskóla í grunnskóla. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli Yngsta stigs og elsta árgangs leikskólans á hefðbundnum skóladögum og á ýmsa viðburði í skólastarfinu allan veturinn áður en nemendur leikskólans hefja skólagöngu sína. Í upphafi skólaárs er farið með elstu nemendur leikskólans í skoðunarferð um grunnskólann og þeim

sýndur skólinn og kynntar reglur skólans. Foreldrar leikskólanemenda fylla út þar til gert innritunareyðublað vorið áður en nemendur hefja skólagöngu.

[Leiðtogar í samstarfi Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar við leikskólann:](#)

Eva Ösp Örnólfsdóttir

Katrín Lea Hjálmarsdóttir

Samstarf við framhaldsskóla

Samstarf er milli skólans og framhaldsskóla á Austurlandi með það að markmiði að flutningur nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla gangi sem best. Verkmenntaskóli Austurlands og Menntaskólinn á Egilsstöðum bjóða nemendum 10. bekkjar og stundum 9. bekkjar í heimsókn þar sem starf skólans, nemendafélags og húsakynni eru kynnt fyrir þeim. Síðustu tvö ár hefur líka verið þróunarverkefni þar sem nemendum 9. og 10. Bekkjar gefst kostur á að heimsækja Verkmenntaskólann að vori á svokölluðum Verknámsdögum þar sem nemendur fá að kynnst fjölbreyttum námsleiðum skólans, þá sér í lagi verklegum greinum. Á hverju vori hittir umsjónarkennari 10. bekkjar ásamt deildarstjóra sérkennslu námsráðgjafa og aðra fulltrúa framhaldsskólanna á Austurlandi þar sem farið er yfir námslega stöðu þeirra nemenda sem sótt hafa um nám í viðkomandi framhaldsskólum.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT)

Fjarðabyggð hefur unnið að verkefni um móttöku nýrra íbúa í samstarfi við Rauða kross Íslands frá ársbyrjun 2008. Ráðinn var móttökufulltrúi íbúa í febrúar 2008 en hlutverk hans var að sinna nýjum íbúum í Fjarðabyggð, m.a. aðstoða skólana við móttöku nýrra nemenda, fram til ársins 2013. Eitt af verkefnum móttökufulltrúa var að vinna við gerð **handbókar**. Markmið þessarar

handbókar er að veita starfsfólki í leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku og innritun nýrra nemenda. Tilgangurinn með handbókinni er að bæta aðferðir skólanna við móttöku nýrra nemenda og gera þær enn skilvirkari, þannig að nýir nemendur og foreldrar þeirra finni sig velkomna og örugga í nýjum skóla. Sjá nánari útfærslu [hér](#).

Samstarf

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar leggur mikið upp úr því að vera í góðu samstarfi við nærsamfélagið.

Heimili

Það er markmið okkar í GF að samstarf skóla og heimila sé sem allra best. Gott samstarf eflir skólastarfið, stuðlar að betri líðan og styrkir nám nemenda. Hlutverk forráðamanna er að gæta hagsmuna barna sinna og veita skólanum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru. Jafnframt að fylgja eftir námi barna sinna, aðstoða við heimanám, taka þátt í bekkjarstarfi og leggja sitt af mörkum til að stuðla að farsælli skólagöngu barnsins.

Til að árangursríkt skólastarf eigi sér stað er upplýsingagjöf á milli skóla og heimila um nám og kennslu mikilvæg forsenda. Skólinn ber ábyrgð á að slíkt samstarf komist á með rafrænni upplýsingagjöf til foreldra um það sem fer fram í skólanum og með foreldrafundum. Það gerum við með því að:

- Foreldraviðtöl í byrun hausts
- Skólakynning fyrir foreldra í september
- Samskiptadagur í október
- Senda vikubríf til foreldra
- Setja inn á heimasíðuna fréttir af skólastarfinu
- Skrá inn í mentor ástundun og fleira.
- Forráðamenn fá reglulega boð á viðburði og sýningar á vegum nemenda skólans.
- Reglulegir fræðslufundir

- Nemendastýrt viðtal þar sem foreldrar mæta í mars

Samstarf heimilis og skóla er mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Eigi skólastarfið að ganga vel fyrir sig þarf að rækta samstarfið og tryggja að forráðamenn eigi greiðan aðgang að skólanum og öfugt.

Tónlistarskóli

Í skólamiðstöðinni er starfræktur tónlistarskóli þar sem nemendur sækja tónlistarnám á skólatíma. Tónlistarskólinn er með rúllandi tíma í boði, það þýðir að nemendur fara oftast ekki í tónlistarskólann á föstum tíma heldur eru teknir út að handahófi. Mikið og gott samstarf er á milli grunnskólans og tónlistarskólans. T.d. vinna tónlistarskóli og grunnskóli saman að Árshátíð nemenda.

Leikskóli

Reglulegar heimsóknir eru á milli grunnskólans og leikskólans og ýmis konar samstarf, einkum milli elstu nemenda leikskólans og yngstu nemenda grunnskólans. Af sameiginlegum verkefnum, má nefna söngstundir, gagnkvæmar heimsóknir, þátttaka í ýmsum viðburðum milli skólanna s.s. þorrablóti, hjóladegi, vinadegi o.fl.

Framhaldsskóli

Samstarf við framhaldsskóla. Að hausti fá nemendur í 9. og 10. Bekk að velja sér áfanga í Verkmenntaskóla Austurlands til að prufa. Að vori fara nemendur í 9. og 10. bekk í kynningarheimsóknir í framhaldsskólana á Austurlandi. Nemendur sem lokið hafa grunnskólamarkmiðum í ákveðinni grein er gert kleift að stunda nám á framhaldskólastigi í fjarnámi.

Fyrirtæki og félög

Samstarf við fyrirtæki og félög í Fjarðabyggð. Skólinn á gott samstarf við fyrirtæki í samfélaginu. Samstarf er við fyrirtæki um skipulag á sérstökum námstækifærum, fyrirtæki taka á móti nemendum í vettvangsferðum og starfsfræðslu nemenda. Einnig styðja fyrirtæki við ýmis verkefni og ferðir nemenda.

Eldri borgarar

Samstarf við eldri borgara. Stefna skólans er að stuðla að samskiptum nemenda og eldri borgara á staðnum til þess að auka gagnkvæma virðingu og eiga ánægjulegar samverustundir. Þetta er t.d. gert með því að bjóða eldri borgurum á sérstaka viðburði í skólanum og heimsóknum nemenda á Dvalarheimilið Uppsali eða Félagshemilið Glaðheima. Í heimsóknum er t.d. sungið, lesið, spilað eða spjallað.

Upplýsingamiðlun

Á Mentor eru allar upplýsingar sem viðkemur hverjum nemanda. Ásamt upplýsingum um netföng og símanúmer forráðamanna. Foreldrar geta skráð veikindi barna sinna inn á mentor einnig undir Ástundun > Tilkynna forföll. Allar nánari upplýsingar um kerfið má finna á mentor.is.

Samskiptamiðlar

- ❖ **Tilkynningar** er varða skólastarfið eru sendar út með **tölvupósti** í gegnum upplýsingakerfið Mentor.
- ❖ **Áætlanir** um skólastarfið, ýmsar gagnlegar upplýsingar og fréttir eru birtar á vef skólans www.fask.is.

- ❖ **Foreldrar** geta haft samband við einstaka starfsmenn með tölvupósti eða í gegnum síma. Starfsmenn eru alltaf til viðtals séu þeir ekki bundnir í starfi með nemendum. Hægt er að koma skilaboðum til starfsmanna gegnum skrifstofu skólans.
- ❖ Mikilvægt er að **foreldrar láti vita af breytingum á tölvupóstfangi eða símanúmerum** til skrifstofu skólans.
- ❖ Öllum **fyrirspurnum varðandi innheimtu** á fæði eða gjalda vegna skólasels skal beint til ritara.
- ❖ **Ritari** skólans er við 8:00-12:30.

Veikindi og leyfi nemenda

Ef nemandi er veikur ber að tilkynna skólanum það sem fyrst símleiðis (475-9020) eða í gegnum Mentor. Hafi barn verið veikt er heimilt að óska eftir því að það taki ekki þátt í útiveru. Þá er miðað við 1 dag eftir veikindi. Foreldrar bera ábyrgð á skólasókn nemenda og er þeim skilt að tilkynna skólanum um fjarveru þeirra.

Ef forráðamenn taka nemanda úr skóla þarf það að vera í samráði við umsjónarkennara. Sé nemandi í leyfi lengur en tvo daga þarf að fylla út þar til gert eyðublað á vef skólans. **Vakin er sérstök athygli á því ákvæði grunnskólalaga að foreldrar skulu sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á leyfi stendur.**

Nemendaráð

Á hverju hausti er kosið í nýtt nemendaráð og fá nemendur tækifæri að bjóða sig til þátttöku.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð GF er skipað er 7

nemendum. Í nemendaráði eiga sæti tveir úr 7. bekk og einn fulltrúi úr 8. bekk og tveir úr hvorum af 9. og 10. bekk. Tveir kennarar aðstoða nemendaráð og funda reglulega með því.

Þeir kennarar sem aðstoða nemendaráð að þessu sinni eru Ásta Kristín G. Michelsen og Guðbjörg Steinsdóttir.

Nemendaráð skólaárið 2022-2023

eru: 7.bekkur: Ragnhildur Líf, Sólný Petra,

8. bekkur: Emilía Björk, Þórunn Linda,

9. bekkur: Maciej 10. bekkur: Bergný, Gabriel Max



Skólaráð

Samkvæmt grunnskólalögum skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í 8. gr.laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir:

ákvæði grunnskólalaga að foreldrar skulu sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á leyfi stendur

„Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks

- *viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa*

grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.”

Í skólaráði skólaárið 2022 – 2023 eru:

Kennarar:

Elsa Sigrún Elísdóttir og Eydís Ósk Heimisdóttir

Annar starfsmaður:

Guðfinna Erlín Stefánsdóttir

Fulltrúar foreldra:

Sigrún Eva Grétarsdóttir og Svava Gerður Magnúsd.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins:

Jóna Kristín Sigurðardóttir

Skólastjóri:

Viðar Jónsson

Fulltrúar nemenda:

Vantar

Mikilvægt er að fulltrúar nemenda, foreldra og starfsmanna í skólaráði séu í góðu sambandi við þá sem þeir eru fulltrúar fyrir og stuðli þannig að málefnalegri og uppbyggilegri umræðu um skólastarfið á hverjum tíma.